

Alþingi
Erindi nr. P 136/90
komudagur 14.11.2008

20. feb. 2008

Tillaga TN 08-1 til fjármálaráðherra um að mismunur á stimpilgjaldi við endurfjármögnun verði afnuminn

Fjármálaráðuneytið
Ingvi Már Pálsson
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.02.2008
Tilv. 2005/0034 - 2.0
GT

Tillaga frá talsmanni neytenda (Tillaga TN 08-1)

Efni: Mismunur á stimpilgjaldi við endurfjármögnun verði afnuminn

Í ljósi þess að umgjörð fasteignamarkaðar og réttarstaða fasteignareigenda er meðal sérstakra áhersluatriða talsmanns neytenda nú og þar sem ekki stendur til að afnema stimpilgjald almennt að sinni vil ég að teknu tilliti til sjónarmiða ráðuneytisins, sbr. m.a. dreifibréf þess, dags. 30. ágúst 2004 og 21. ágúst 2000, vinsamlegast setja fram eftirfarandi tillögu um úrbætur á lögum að því er varðar neytendur sérstaklega.

Tillaga

Fyrri málsliður 26. gr. laga nr. 36/1978 um stimpilgjald verði felldur brott eða endurskoðaður í tengslum við áformaðar breytingar á þeim lögum vegna endurnýjunar kjarasamninga.

Aðdragandi

Undanfarin ár hefur verið rætt um að afnema eða lækka neysluskatt af lántöku sem í lögum er nefndur stimpilgjald. Hafa kröfur og ábendingar um afnám eða lækkun stimpilgjalds verið hafðar uppi lengi af mörgum aðilum, bæði hagsmunaaðilum og opinberum aðilum. Eftirfarandi áform liggja fyrir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá 23. maí 2007:

„Stimpilgjald í fasteignaviðskiptum verði afnumið á kjörtímabilinu þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa.“

Af framangreindum sökum hef ég ekki lagt til breytingar á lögum um stimpilgjald.

Af hálfu fjármálaráðherra hefur komið fram opinberlega að breytingar á stimpilgjaldi þurfi að framkvæma við réttar aðstæður í hagkerfi og einkum á fasteignamarkaði. Nú liggur fyrir í tengslum við almenna endurnýjun kjarasamninga einhliða yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar sl. um að

„ríkisstjórnin [muni] beita sér fyrir því að stimpilgjöld falli niður vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.“

Ekki liggur því fyrir nánari tímasetning þess að stimpilgjald verði afnumið almennt.

Rök

Talsmaður neytenda tekur almennt ekki afstöðu til skattamála og lítur svo á að stimpilgjald feli í sér skatt til tekjuöflunar til handa ríkissjóði og geti auk þess haft áhrif í efnahagsstjórn en teljist ekki neytendamál í lagaskilningi. Öðru máli gegnir ef skattur er til þess falinn að raska frjálsum viðskiptum eða samkeppni, neytendum í óhag.

Fyrri málslíður 26. gr. laga um stimpilgjald hljóðar svo:

„Nú er skuld endurnýjuð með nýju bréfi og skal þá sá sem stimplun annast innheimta helming gjalds þess er í 24. gr. getur.“

Ákvæðið hefur verið skýrt svo að við skuldbreytingu hjá sama lánveitanda skuli aðeins greitt hálf stimpilgjald. Sé endurfjármögnun fengin hjá öðrum lánveitanda og skuld við fyrri lánveitanda greidd upp er hins vegar í framkvæmd innheimt fullt stimpilgjald (1,5% af vaxtaberandi veðskuldabréfum, sbr. 24. gr. laga um stimpilgjald). Ekki er tekin afstaða til þeirrar túlkunar en þar sem sú framkvæmd mun hafa legið fyrir óbreytt í 30 ár er ljóst skv. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar að lög þarf til þess að breyta þessari tilhögun.

Ég tel augljóst að tilvitnað lagaákvæði sé óbreytt til þess fallið að hafa hamlandi áhrif á samkeppni á milli þeirra sem veita neytendum veðlán til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði og að afnám þess væri því til úrbóta fyrir neytendur. Ég tel einnig að óbreyttu að lagaákvæðið kunni að brjóta gegn hagsmunum og réttindum neytenda enda er samkeppni ónóg á þessum markaði. Ekki er með þessu tekin afstaða til þess hvort rétt sé að hálfu eða ekkert stimpilgjald skuli tekið við endurfjármögnun en rétt er að taka fram að fullt stimpilgjald við endurfjármögnun myndi væntanlega draga úr jákvæðum áhrifum tillögunnar.

Niðurlag

Hef ég því ákveðið að setja fram ofangreinda tillögu um breytingu á lögum með vísan til d- og b-liðar 2. mgr. laga nr. 62/2005 en þar segir að hlutverk talsmanns neytenda felist m.a. í því að setja fram tillögur um úrbætur á lögum er varða neytendur sérstaklega og bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda. Vinsamlegast er mælt til þess að tillaga þessi verði birt á vef ráðuneytisins.

Virðingarfyllt,
talsmaður neytenda,

Gísli Tryggvason.



19. sep. 2008

Fjármálaráðuneyti tekur til nánari skoðunar tillögu um afnám mismunar við endurnýjun skuldar

Fjármálaráðuneytið hefur sent talsmanni neytenda formlegt svar við tillögu frá því fyrr á árinu þar sem hann lagði til afnám lagaákvæðis um stimpilgjöld sem fæli í sér mismunun eftir því hvort skuldari vill endurfjármagna hjá nýjum aðila eða ekki.

Fjármálaráðuneytið hefur sent talsmanni neytenda formlegt svar við tillögu TN 08-1 um afnám mismunar á stimpilgjaldi við endurfjármögnun sem talsmaður neytenda sendi fjármálaráðherra fyrr á árinu þegar í ljós kom að aðeins yrðu að sinni gerðar litlar breytingar á lögum um stimpilgjald og ekki lægi að mati talsmanns neytenda fyrir „nánari tímasetning þess að stimpilgjald verði afnumið almennt.“

Hamlandi áhrif á samkeppni í veðlánum

Í tillögunni er rakinn aðdragandi hennar og síðan segir um rök fyrir henni:

„Talsmaður neytenda tekur almennt ekki afstöðu til skattamála og lítur svo á að stimpilgjald feli í sér skatt til tekjuöflunar til handa ríkissjóði og geti auk þess haft áhrif í efnahagsstjórn en teljist ekki neytendamál í lagaskilningi. Öðru máli gegnir ef skattur er til þess falinn að raska frjálsum viðskiptum eða samkeppni, neytendum í óhag.

Fyrri málsliður 26. gr. laga um stimpilgjald hjóðar svo:

„Nú er skuld endurnýjuð með nýju bréfi og skal þá sá sem stimplun annast innheimta helming gjalds þess er í 24. gr. getur.“

Ákvæðið hefur verið skýrt svo að við skuldbreytingu hjá sama lánveitanda skuli aðeins greitt hálf stimpilgjald. Sé endurfjármögnun fengin hjá öðrum lánveitanda og skuld við fyrri lánveitanda greidd upp er hins vegar í framkvæmd innheimt fullt stimpilgjald (1,5% af vaxtaberandi veðskuldabréfum, sbr. 24. gr. laga um stimpilgjald). Ekki er tekin afstaða til þeirrar túlkunar en þar sem sú framkvæmd mun hafa legið fyrir óbreytt í 30 ár er ljóst skv. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar að lög þarf til þess að breyta þessari tilhögun.

Ég tel augljóst að tilvitnað lagaákvæði sé óbreytt til þess fallið að hafa hamlandi áhrif á samkeppni á milli þeirra sem veita neytendum veðlán til fjármögnunar á íbuðarhúsnæði og að afnám þess væri því til úrbóta fyrir neytendur. Ég tel einnig að óbreyttu að lagaákvæðið kunnist að brjóta gegn hagsmunum og réttindum neytenda enda er samkeppni ónóg á þessum markaði. Ekki er með þessu tekin afstaða til þess hvort rétt sé að hálfu eða ekkert stimpilgjald skuli tekið við endurfjármögnun en rétt er

að taka fram að fullt stimpilgjald við endurfjármögnun myndi væntanlega draga úr jákvæðum áhrifum tillögunnar.“

Í svarbréfi fjármálaráðuneytis segir m.a.

„Ráðuneytið þakkar talsmanni neytenda fyrir ofangreinda tillögu og mun í kjölfarið taka hana til nánari skoðunar.“

Hér má lesa frétt með nánari upplýsingum um tilefni og aðdraganda tillögu talsmanns neytenda.

Lesið tillöguna.

Heimilt er að birta merki talsmanns neytenda með fréttum af vef embættisins - www.tn.is - en óskað er eftir því að þeirrar heimildar sé getið.


talsmaður neytenda

